

Efni: athugasemd vegna gatnagerðargjalda.

Kæra sveitastjórn, mig langar að byrja á að óska ykkur gleðilegs nýs árs og þakka það liðna. Því miður er þetta bréf þó ekki eins gæfuríkt og ég vona að komandi ár verði, enn erindi mitt með þessu bréfi er greiðsluseðill sem þið senduð einstaka íbúum í þéttbýlum Árnes og Brautarholti fyrir lokagreiðslu gatnagerðargjalda, en þótti mér ykkar vinnubrögð á þessu máli mjög óvönduð, illa unnin og óásættanleg.

Til að byrja með vil ég taka það fram að mér finnst ekkert óeðlilegt við það að gatnagerðargjöld skuli innheimt en að rukka hluta íbúa í þessum hverfum þar sem allir íbúar hljóta jafngóðs af framkvæmdunum, sem og sveitin öll er afskaplega óeðlilegt og ósangjarnt. Í þessum hverfum eru líka skólar, sundlaugar, bókasöfn osv.fr. sem öll sveitin nýtur góðs af og vegur talsvert þungt þegar á heildarfjölda fasteigna er litið, en þetta eru jú afar lítil þéttbýli.

Þá vil ég einnig gagnrýna ykkar tilmæli, sem birtust í 28. fundargerð sveitarstjórnar, til þeirra sem flokkast í þann hóp sem ekki ber lagaleg skylda til þess að greiða gatnagerðargjöld að greiða einungis 50% af þeim gjöldum sem gjaldgrunnur gerir ráð fyrir. Þarna eru þið að skapa, óháð nokkrum lögum, gríðarlegt ójafnrétti á milli íbúa og get ég ekki skilið afhverju hluti íbúa ætti að fá gatnagerðargjöld sín á 50% afslætti nema um eldri borgara, fatlaða eða öryrkja sé að ræða.

Að senda svona háa greiðsluseðla, sem virtist koma flestum að óvörum rétt fyrir jóla eða á milli jóla og nýárs til fjölskyldna í ykkar sveitarfélagi, finnst mér afar ónægætið og eiginlega bara dónaskapur. Þetta veldur mörgum áhyggjum þar sem að þetta vegur þungt í fjölskyldu rekstur þeirra. Finnst mér þetta ekki vera framkoma sem sómi er af.

Þó ég sé ekki löglærður né lesinn þá tók ég eftir nokkrum þáttum sem mér þykja afar óeðlilegir á mínum greiðsluseðli og vil ég koma til ykkar kvörtun vegna þeirra.

1. Útreikningur gatnagerðargjalds.

Samkvæmt ykkar útreikning eða sveitarstjóra á ég að greiða 590.780 kr. sem eru 75% eftirstöðvar af heildar greiðslu, en m.v stærð á minni íbúð Holtabraut 16 (70,3m²) ætti ég að ekki að greiða nema 361.151, kr. skv. mínum útreikningum og fengi síðan 50% afslátt af því ef jafnrétti væri að gætt í ykkar tilmælum.

Tel ég, þó það komi ekki nokkur staðar fram á greiðsluseðlinum, að ég hafi verið flokkaður samkvæmt 4gr. um lánmarksgjald í samþykkt ykkar um gatnagerðargjald nr. 90/2019 í 115 m² sem er fyrir parhús með bílgeymslum, en ég bý í parhúsi án bílgeymslu og er þetta því rangt túlkað og útreiknað.

Einnig langar mig að benda á að samskonar íbúð (Holtabraut 29) í sömu götu, nákvæmlega jafn stór fékk greiðsluseðil uppá 699.699 kr. og sýnir það enn betur hversu illa þessir greiðsluseðlar eru unnir.

2. Dagsetningar

Með fundargerð 28 er fylgiskjal með álit frá Lögmönnum Suðurlandi sem segir að þeir sem eru með lóðaleigusamning sem var gerður fyrir gildistöku gjaldskrár sem tók í gildi 10. nóvember 2004 beri ekki lagaleg skylda til að greiða þessi gjöld enn samt sem áður er farið eftir lögum nr.153/2006 við gerð þessara gjalda sem tóku gildi 1. júlí 2007.

Einnig er tekið fram í 11. gr. Samþykktar um gatnagerðargjöld nr.90/2019 að gjaldskrá nr.897/2004 falli úr gildi þegar nýja samþykktin öðlist gildi. Finnst mér þetta óeðlilegt og þarfnast nánari skoðunar.

3. Lóðarleigusamningur

Í lóðaleigusamning sem ég fékk afhendan með greiðsluseðli kemur ekkert fram um gatnagerðargjöld. Enda er leiga á lóðinni samþykkt af sveitastjórn þann 1.júlí 2004 áður en gjaldskrá var samþykkt. Hins vegar er samningurinn samþykktur af þáverandi sveitastjóra 24. maí 2005 og þinglýstur 8. september 2005.

Dreg ég því þá ályktun að þegar að þessi samningur var gerður og samþykktur af sveitastjórn hafi ekki verið búið að samþykkja gjaldskrá gatnagerðargjalds og því er ekki fjallað um það í lóðaleigusamningnum.

4. Kaup á fasteign og tilkynningarskilda

Þegar ég kaupi fasteignina Holtabraut 16 þann 04.01.2019 var mér ekki tilkynnt af seljanda að þessi daldi kosnaður væri á fasteigninni, enda kemur það ekki nokkur staðar fram á pappírnum. Hafi sveitastjórn gert honum það kunnugt vildi ég gjarnan fá að vita með hvaða hætti það hafi verið gert, og hvort til sé staðfesting á því.

Einnig þætti mér það eðlilegt að sveitafélagið upplýsi kaupendur íbúða sem eru á leigulóðum frá sveitarfélaginu um komandi kosnað sem þennan. Þegar ég kaupi þá er framkvæmd hafin á malbikun.

Lengi mætti hníta í smáatriði en þetta er það sem mér þótti helst þurfa að benda á og skora ég á sveitastjóra og sveitastjórn að endur skoða þessa álagningu í heild sinni.

Virðingarfyllt,
Vilmundur Jónsson